

**Samráðsgátt stjórnvalda,  
Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti**

Mál nr. 32/2022

Reykjavík, 18. febrúar 2022

**Drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skráningu og mat  
fasteigna nr. 6/2001 (Mannvirkjaskrá)**

Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) vísa til draga að frumvarpi sem birt hefur verið í samráðsgátt stjórnvalda, um breytingu á lögum um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 (Mannvirkjaskrá). Breytingin snýst um að byggja frekar undir tilvist svokallaðrar mannvirkjaskrár en skráin er afar jákvætt skref í þróun miðlægs gagnabanka um mannvirki hér á landi. Um leið og SFF fagna því að fyrsta skref hefur verið tekið í þróun mannvirkjaskrár og þakka fyrir að fá tækifæri til að koma að verkefninu vilja samtökin benda á að frekari lagabreytinga er þörf í tengslum við mannvirki, fasteignir og „húseignir“ eins og þær eru kallaðar skv. lögum um brunatryggingar nr. 48/1994.

Lög um brunatryggingar er löggjöf frá árinu 1994 sem hefur lítið sem ekkert verið endurskoðuð síðan. Hún er afar rýr og inniheldur verklag um váttryggingaskyldu og ákvæði um brunabótamat sem fer fram hjá Þjóðskrá Íslands. Að mati SFF er þörf á endurskoðun þessarar löggjafar samhliða annarri löggjöf sem snýr að uppbyggingu mannvirkjaskrár.

Húsnæðis- og mannvirkjastofnun gaf fyrir tæpu ári síðan út skýrslu með úrbótatillögum á löggjöf eftir brunann á Bræðraborgarstíg í Reykjavík sem laut fyrst og fremst að brunavörnum í íbúðum. SFF fengu að koma að þeirri skýrslugerð og lagði fram tillögu um endurskoðun á lögum um brunatryggingar. Skýrslan inniheldur margar góðar úrbótatillögur sem snúa að „kerfinu“ utan um mannvirki sem búið er í hér á landi og þá sérstaklega brunavörnum.<sup>1</sup>

Af framangreindu sést að SFF hafa ekki athugasemdir við drögin að frumvarpinu en vona að góðar og þarfar breytingar komi í kjölfarið á hinni ýmsu löggjöf sem sem snúa að mannvirkjum.

Virðingarfyllst,

F.h. Samtaka fjármálafyrirtækja,



Margrét A. Jónsdóttir, lögfræðingur

<sup>1</sup> <https://hms.is/media/9071/brunavarnir-i-ibudarhusnaedi.pdf>